

180. gr. falli niður.

10. gr.

11. gr.

2. mgr. 256. gr., sbr. lög nr. 69/1964, orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 7000 krónum og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynt sekur um auðgunarbrot skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

L Ö G

um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Skipan Verðlagsráðs og verkefni.

1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins annast meginframkvæmd laga þessara. Sjávarútvegsráðherra skipar Verðlagsráð eftir tilnefningu eftirtalinna aðila, þannig:

A. Af hálfu fiskseljenda:

- 2 fulltrúar tilnefndir af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjómannasambandi Íslands.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

B. Af hálfu fiskkaupenda:

- 1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda.
- 1 fulltrúi tilnefndur af Sjávarafurðadeild S.Í.S.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.
- 2 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.
- 4 fulltrúar tilnefndir af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Fulltrúar í Verðlagsráði skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og taka sæti í Verðlagsráði í forföllum aðalmanna. Verðlagsráð kýs sér formann og ritara til eins árs í senn, annan úr hópi fiskseljenda og hinn úr hópi fiskkaupenda. Skulu þeir ásamt framkvæmdastjóra undirbúa fundi ráðsins.

Heimilt er þeim, sem tilnefna eiga fulltrúa samkvæmt þessari grein, að skipta um fulltrúa sína í Verðlagsráði, eftir því sem rétt þykir, til þess að sjónarmið þeirra fiskseljenda og fiskkaupenda, sem hlut eiga að máli við hverja verðákvörðun, komi sem best fram.

Verðlagsráði er heimilt með samþykki ráðherra að ráða sér framkvæmdastjóra og annað starfsfólk er annist dagleg störf eftir því sem þörf krefur.

2. gr.

Við ákvörðun um verð á sjávarafra skal Verðlagsráð skipað 8 fulltrúum, jafnmörgum frá fiskseljendum og fiskkaupendum skv. 1. gr.

3. gr.

Fiskideild. Þegar ákveða skal verð á sjávarafra, öðrum en þeim sem tilgreindur er í 4. og 5. gr., skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 1 frá Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 2 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á rækju og hörpuðiski skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi rækju- og hörpuðiskframleiðenda, 1 frá Sjávarafurðadeild S.Í.S. og 1 frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Þegar ákveða skal verð á lifur og fiskúrgangi úr sjávarafra, öðrum en síld, skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda og Sjávarafurðadeild S.Í.S. í Verðlagsráði og má hann ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Þegar ákveða skal verð á síldarúrgangi skal Verðlagsráð skipað 6 fulltrúum; 3 fulltrúum seljenda, þannig:

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af Sjómannasambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.

1 fulltrúi tilnefndur af Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

1 fulltrúi tilnefndur sameiginlega af fulltrúum Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og Félags síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þessi fulltrúi má ekki eiga aðild að kaupum á síldarúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt 2. mgr.;

og 3 fulltrúum kaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

4. gr.

Síldarsöltunardeild. Þegar ákveða skal verð á síld til söltunar skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1 gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda, þannig: 2 frá Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og 2 frá Félagi síldarsaltenda á Suðvesturlandi.

5. gr.

Bræðsludeild. Þegar ákveða skal verð á síld og loðnu til bræðslu, svo og öðrum fiski sem veiddur er eingöngu eða að verulegu leyti til bræðslu, skal Verðlagsráð skipað 4 fulltrúum fiskseljenda samkvæmt 1. gr. og 4 fulltrúum fiskkaupenda tilnefndum af Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda.

Með reglugerð má ákveða að verðlagning samkvæmt 4. og 5. gr. sé bundin við ákveðið verðlagssvæði.

6. gr.

Aðalverkefni Verðlagsráðs eru:

1. Að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávaraflla, úrgangsfiski og fiskúrgangi sem seldur er til vinnslu hér á landi eða selja skal í skip eða annað flutningstæki til útflutnings óunninn, sbr. þó ákv. 2. mgr. þessarar greinar.
2. Að fylgjast með markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum á hverjum tíma.
3. Að safna gögnum um framleiðslukostnað einstakra greina veiða og vinnslu, svo og að safna öðrum þeim gögnum sem ákvarðandi kunna að vera um verð á sjávaraflla.

Verðlagsráði er heimilt að gefa verðlagningu á tilteknum fisktegundum frjálsa ef sérstaklega stendur á að mati ráðsins enda sé um það einróma samkomulag í ráðinu.

7. gr.

Skylt skal öllum opinberum aðilum, svo sem Fiskifélagi Íslands og Hagstofu Íslands, ásamt útflutningssamtökum fiskframleiðenda, svo og öðrum þeim aðilum sem hafa með höndum sölu og/eða vinnslu sjávarafurða, að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar er því geta að gagni komið við störf þess og þessir aðilar geta veitt. Samtökum útvegsmanna skal á sama hátt skylt að láta Verðlagsráði í té allar upplýsingar um reksturskostnað fiskiskipa.

II. KAFLI

Um verðákvörðanir Verðlagsráðs.

8. gr.

Verðlagsráð skal við ákvarðanir sínar um lágmarksverð á sjávaraflla meðal annars hafa hliðsjón af markaðsverði sjávarafurða á erlendum mörkuðum, svo og framleiðslukostnaði þeirra. Jafnframt skal Verðlagsráð haga verðákvörðunum sínum þannig að þær stuðli að bættri meðferð afla, þ. e. tekið verði mið af gæðum sjávaraflla eftir því sem markaðsaðstæður bjóða.

Skal Verðlagsráð leitast við að ná samkomulagi um lágmarksverð fisktegunda. Verðlagsráð kveður sjálft á um verðlagstímabil.

9. gr.

Verðlagsráð skal í störfum sínum vinna að verðákvörðunum svo tímanlega að verðlagning sjávaraflla liggja fyrir áður en nýtt verðlagstímabil hefst. Ákveða skal með reglugerð hvenær verðákvörðun skuli liggja fyrir í síðasta lagi.

10. gr.

Nú næst ekki einróma samkomulag í Verðlagsráði um verð í einstökum atriðum eða um verð sjávaraflla í heild fyrir tilskilinn tíma og skal þá vísa ágreiningsatriðunum til sérstakrar yfirnefndar með greinargerð um þau atriði sem samkomulag er um. Yfirnefndin skal skipuð fimm mönnum, tveimur tilnefndum af fiskseljendum og skal annar tilnefndur úr hópi fulltrúa L.Í.Ú. — og má hann ekki eiga aðild að fiskkaupum, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum fiskkaupenda þeirra sem tilnefna menn í Verðlagsráð skv. B-

lið 1. gr. — en hinn úr hópi sjómannafulltrúa, tveimur tilnefndum af þeim aðila sem ágreiningur er við og einum oddamanni sem skal vera forstöðumaður Þjóðhagsstofnunar eða fulltrúi hans.

Þannig skipuð fellir yfirnefndin fullnaðarúrskurð um ágreiningsatriði og ræður meiri hluti atkvæða úrslitum.

11. gr.

Ákvarðanir Verðlagsráðs eru bindandi sem lágmarksverð og má enginn selja sjávarafla undir því verði sem ákveðið hefur verið samkvæmt ákvæðum þessara laga.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra ákveður verðlagsráðsmönnum þóknun fyrir störf þeirra og greiðist hún úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið og starfsemi þess.

13. gr.

Sjávarútvegsráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum Verðlagsráðs.

14. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Nú tregðast aðili, sem samkvæmt lögum þessum er skylt að gefa Verðlagsráði skýrslu eða upplýsingar, við að láta þær í té og má þá beita dagsektum frá 500 kr. til 5000 kr. þar til hann uppfyllir skyldur sínar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 81 23. júlí 1974, sbr. I. nr. 27/1978 og I. nr. 15/1983.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Sjávarútvegsráðherra skal skipa í Verðlagsráð eftir tilnefningu aðila samkvæmt ákvæðum laga þessara og komi hin nýja skipan til framkvæmda frá og með 1. mars 1985. Jafnframt falli þá niður umboð þeirra aðila sem skipaðir voru í Verðlagsráð samkvæmt lögum nr. 81/1974 frá 1. október 1983.

Ákvæði til bráðabirgða II.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal ákveða nýtt lágmarksverð á öllum sjávarafla er gildi fyrir tímabilið 21. nóvember 1984 til 31. ágúst 1985, með heimild til uppsagnar á verðtímabilinu, þó ekki fyrr en frá 1. júní 1985 varðandi almennt fiskverð.

Gjört í Reykjavík, 4. júní 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.